




# Leikskólinn Garðasel

Ingunn Ríkharðsdóttir skólastjóri

Ingunn Sveinsdóttir aðst.skólastjóri



# Garðasel - viðbrögð

## ▶ Viðhald í Glerskála

- ▶ Glerskálinn hefur lengi verið til vandræða vegna leka og ræður þar mestu hönnun hans. Í sumar var hurð endurnýjuð til að tryggja flóttaleið sem þar er.
- ▶ Búið var að skipta um dúk að hluta næst glugganum ( 2014 ).
- ▶ Ef farið er í að skipta Glerskálunum út þá kallar það á skerta þjónustu og fækkun barna á meðan sú framkvæmd fer fram sem trúlegast tekur drjúgan tíma (hönnun, efnisöflun, vinna, árstíð / vetur).
- ▶ Ákveðið er að fara yfir gler og samskeyti og kítta betur og láta það duga á meðan Garðasel er með starfsemi í húsinu.

# Garðasel – viðbrögð

## ➤ Vegna rakaskemmda í veggplötum í litla herberginu á Holti

- Haft var samband við Alfreð í haust vegna rakaskemmda neðarlega í veggplötum. Ekki talin bráðaaðgerð en sammælst um að þetta yrði lagað milli jóla og nýárs til að raska sem minnst starfi deildar og verður það gert. Trúlegast skemmd vegna of mikillar bleytu í skúringum sem kemst undir tré-gólfista þar sem engar lagnir eru að þessu svæði.

## ➤ Viðhald í eldhúsi í kringum uppþvottalínu

- Í mars var ákveðið að taka upp gólfduk á svæðinu í kringum uppþvottalínu þar sem ástand þess svæðis var orðið áhyggjuefni.
- Eldhúsinu var lokað frá föstudegi til þriðjudags og unnið helgina – gólfið og svæðið hreinsað, gengið betur frá affalli frá þvottavél og nýr dukur lagður. Athugasemdir eru gerðar í dag vegna þess að dukurinn er laus á sumum stöðum.
- Ljóst er að til þess að svona viðhaldsvinna skili fullkomnun árangri þyrfti að loka eldhúsinu í þrjár vikur – tími sem við getum ekki misst út í starfseminni.
- Ákveðið að fara ekki í að laga þetta svæði meira núna og erum við sátt með það eins og staðan er í dag.

# Garðasel - viðbrögð

## ▶ Loftgæði á miðrymi

- ▶ Erindi var sent í maí vegna loftgæðavanda á miðrymi skólans þar sem einungis einn gluggi er í enda skálans og útihurð við starfsmannainngang.
- ▶ Starfsfólk hafði kvartað undan þungu lofti og miklum hita í rýminu.
- ▶ Skipt var um viftur í báðum endum skálans en þær eru mjög hávaðasamar og nýtast illa eða ekki til loftskipta en þetta voru einu vifturnar sem pössuðu stærðarlega séð. Útihurð er því oft opin og er það í raun eina leiðin til að hreyfa loftið á miðryminu.
- ▶ Ljóst er að það þarf að hanna loftræstikerfi í þetta rými og verður það gert þegar byggingin færir yfir til Grundaskóla.

Annað er smálegt sem farið verður í að laga og hefur ekki áhrif á starfsemi skólans.